

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Gréтарsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir og Hörður Oddfríðarson

Afboða, mæta ekki : Árni Stefánsson

Fundur 10.07 .2024 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. SMÍ (sundmeistaramót SSÍ) var 15. – 16 júní, mótið fór fram í Ásvallalaug og var í þremur hlutum, tveir á laugardegi og einn á sunnudegi. Um 90 keppendur mættu til leiks. Lokahóf var haldið strax að loknu móti í hádeginu á sunnudag. Gerð var skoðanakönnun um mótið meðal keppanda sem farið verður yfir síðar. Við þökkum SH kærlega fyrir samstarfið á mótinu.
- b. AMÍ (Aldursflokkameistaramót Íslands) var haldið í Reykjanesbæ 28. – 30 júní, kl Mikil stemning var á mótinu og samvinna við ÍRB til fyrirmyndar. Um 280 keppendur tóku þátt. Við þökkum forsvarsfólki ÍRB kærlega fyrir samstarfið á mótinu.
- c. Umræða um AMÍ og SMÍ. Breyta þarf reglugerð fyrir AMÍ þannig að sundmenn sem eru að fara í alþjóðleg verkefni á vegum SSÍ mega ekki keppa á AMÍ.
- d. Íslandsmótið í víðavatnssundi fer fram 18. Júlí. Viktoría og Hörður annast skipulag. Júlía sér um verðlaunaafhendingu.
- e. Farið var yfir atburðadagatal fyrir næsta sundár. Ræða þarf við nokkur félög vegna skörunar móta. Farið yfir umsóknir um SSÍ mót.
- f. Sent hefur verið inn formlegt erindi til ÍBR um tíma í sundlaugum Reykjavkur m.t.t afreksþjálfunar. Þetta er sent í framhaldi af fundi þann 7. maí s.l með ÍTR, ÍBR og SRR.
- g. Þjálfararáðstefna verður haldin á hótél Selfossi 21-22. Sept. Þátttaka er lakari en undanfarin ár og eru það mikil vonbrigði að félögin sjái sér ekki fært að senda fólk sitt á ráðstefnuna sem er í senn fræðandi og upplýsandi.
- h. Til stendur að skrá SSÍ á Almannaheillaskrá RSK. Það mundi auðvelda okkur að sækja styrki og fjárframlög þar sem að styrkveitandi getur fengið heimild til skattafrádráttar á skattaframtali. Skoða þarf hvort að það þurfti að breyta lögum SSÍ vegna þessa.
- i. Samningi við Speedo verður sagt upp. Við ræður teknar upp við Arena.
- j. Afkoma móta er undir markmiðum og kostnaður hefur hækkað mikið. Formaður, framkvæmdastjóri, mótastjóri og gjaldkeri hittast og fara yfir afkomu móta.
- k. Búið að fá tilboð í veggj sem við höfum verið að leigja dýrum dómi á mótunum okkar í laugardalslauginni. Fengum í leiðinni tilboð í ýmsan markaðsvarning tengt mótunum okkar, svo sem fána, skilti, borða og fleira. Eimskip Ísland ætlar að styrkja flutning á þessu frá Kína og ÍF ætlar að taka veggj líka. Allt í allt verður þetta um 500.000 kr hingað komið með öllu m tollum og gjöldum.

3. Afreksmál

Farið yfir lágmark fyrir næsta sundár sem verða birt í lok vikunnar.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Punktur af NSF fundi í Belgrad 19. Júní 2024 sem Hörður Oddfríðarson sat.

1. Staðfesting meta

50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	AAL	01:57,87	23.06.2024	Belgrad
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	AAL	01:57,85	23.06.2024	Belgrad

Unglingamet

Grein :	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m baksund	Guðmundur Leo Rafnsson	ÍRB	00:26,66	09.07.2024	Vilnius
800m skriðsund	Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	09:08,33	08.06.2024	London

Aldursflokkamet	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
Grein:					
4x100m fjórsund	Sunddeild Breiðabliks	Breiðablik	04:26,59	30.06.2024	Reykjanesbær

2. Önnur mál:

- Framkvæmdastjóri og formaður hafa fengið boð frá ÍSÍ um að mæta á Ólympíuleikana í París. Munu þau horfa á helstu viðburði og vera á staðnum 29-31.júlí.
- Fulltrúi EA (European) í stjórn World Aquatic hefur látið af störfum að eigin ósk. Formaður WA skipaði að sjálfsdáðum annan fulltrúa sem reyndar kemur frá Danmörku en án samráðs við NSF eða EA (European Aquatics)
- Á morgun verður móttaka á Bessastöðum fyrir Ólympíufara og forsvarsfólk íþróttahreyfingarinnar sem að leikunum koma.
-

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00
Næsti fundur verður haldin 4. sept kl: 18.00